

Fundargerð Háskólaráðs LbhÍ

Fundur nr. 2 -2014

Staður og stund: Símafundur kl 10:30 -11:00, 8.5.2014

Mætt: Helena Guttormsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sigríður Embla Heiðmarsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Ágúst Sigurðsson (sem ritaði fundargerð)

1. Fundur settur og dagskrá kynnt
2. Fullskipan háskólaráðs. Samþykkt var samhljóða að skipa Dr. Hilmar B. Janusson sviðsforseta VON hjá HÍ og Bjarna Stefánsson bónda í Túni I í Flóahreppi í ráðið. Telst þá ráðið fullskipað í samræmi við lög um Opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum.
3. Fundur í fullskipuðu háskólaráði var ákveðinn 4. júní nk kl 10:00-12:00. Verður boðaður sérstaklega með dagskrá. SEH mun sitja fundinn með fjarfundabúnaði frá Selfossi en fundurinn verður haldinn á Hvanneyri.
4. Önnur mál. Óskað hefur verið eftir að háskólaráð hitti fjárlaganefnd nk mánudag 12. Maí kl 10:30. ÁS mun láta vita um mætingu ráðsmanna til nefndarsviðs Alþingis. ÁS upplýsti um að verið væri að undirbúa sérstakan starfsmannadag LbhÍ þar sem blandað verður saman stuttum vinnufundum og léttari dagskrá. Áætlað er að dagurinn verði haldinn á Reykjum þann 11. Júní nk.
5. Fleira ekki gert og fundi slitið.